

Staða og horfur í skemmtiferðaskipageiranum á Íslandi

Verulegur samdráttur í komum skemmtiferðaskipa árið 2027


Óstöðugleiki og ófyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi skemmtiferðaskipa á Íslandi á árunum 2023 til 2025 – er nú að skila sér af fullum þunga í samdrætti á landsvísu. Heildarfjöldi skemmtiferðaskipa á heimsvísu takmarkast við rúmlega 400 skip, þess vegna eru ákvarðanir um hvaða áfangastaðir verða í ferðaplani hvers skips, ekki teknar nema að mjög ígrunduðu máli. Þrjú til fjögur ár fram í tímann er ákveðið í hvaða heimshluta eigi að staðsetja skipin, því næst eru þær hafnir bókaðar sem heimsóttar verða, afþreying og ferðir í landi sömuleiðis og að öllu því loknu eru ferðir markaðsettar til neytenda með um 2 ára fyrirvara. Þetta langa ferli gerir það að verkum að það getur liðið allt að 4 árum frá ákvörðun um áfangastað þangað til ferðamaður stígur loks í land. Samdrátturinn 2027 er því bein afleiðing ákvarðana stjórnvalda á árunum 2023-2025.

Samkvæmt samræmda bókunarkerfinu DOKK þá er Ísland sem áfangastaður að horfa fram á 881 skipakomur á landinu öllu árið 2027, sem er 27% samdráttur miðað við árið 2024. Eins og sést á mynd 1, að neðan, þá sjáum við að bókunarstaða breytist lítið eitt til tvö ár fram í tímann, sem gefur okkur að raunkomur á næsta ári verði því miður verulega færri en áður var, að miklu leiti fyrir tilstuðlan þess ferlis sem rakið er hér að ofan. Árið er ekki liðið en samkvæmt bókunarstöðu eru áætlaðar 1043 skemmtiferðaskipakomur í ár, sem er 14% samdráttur miðað við árið 2024. Einn mikilvægur liður sem ber að hafa í huga þegar mið er tekið af minni samdrætti í ár er sá mikli áhugi á sólmyrkvanum sem var þann 12. ágúst síðastliðinn. Staðan hefur því verið enn verri ef þessa náttúrufyrirbrigðis hefði ekki notið við.

Vonarglæta í bókunarstöðu fyrir árið 2028

Bókunarstaða fyrir 2028 tók vel við sér eftir að innviðargjaldið var lækkað í lok árs 2025 og farsælt skref var stigið í átt að stöðugra rekstrarumhverfi skemmtiferðaskipageirans á Íslandi, til hagsbóta fyrir öll þau íslensku fyrirtæki, hafnir og einstaklinga sem þjónusta skemmtiferðaskipin um landið allt. Bókunarstaðan fyrir 2028 er sem stendur í 861 skipakomum og eins og sjá má í þróun bókanna í mynd 1, að neðan, má leiða líkum að því að um 100 skipakomur gætu bæst við í heildartöluna fyrir 2028. Þingkosningar verða í seinasta lagi í lok ársins og góðar líkur á að uppskera ársins verði kjósendum ljós á þeim tímapunkti, líkt og fyrir síðustu kosningar.

Mynd 1. Bókunarstaða skemmtiferðaskipa á Íslandi




Leiðangursskipin eru að yfirgefa Ísland

Ísland er að mörgu leiti einn ákjósanlegasti áfangastaður leiðangursskipa, þar sem lega landsins í miðju Norður Atlantshafi, víðfeðmt og fjölbreytt heimskautalandslag og fjöldi hafna og áfangastaða hringinn í kringum landið eru allt mikilvæg atriði í leiðangursskipa útgerð. Til að örva þessa grein ferðaþjónustu var ákveðið að veita skipum tollfrelsi í 4 mánuði á ári árið 2012. Svo að skipin gætu tímabundið fallið undir sama alþjóðlega rekstrarumhverfi og þau för sem fara til og frá landinu. Þannig gátu útgerðir leiðangurskipa dvalið lengur á Íslandi og heimsótt minni hafnir og bæjarfélög fjarri höfuðborgarsvæðinu, sem eru liðlega þrjátíu. Með því var unnið samkvæmt öðru markmiði stjórnvalda um dreifingu ferðamanna um landið allt. Árið 2023 var hins vegar fótunum kippt undan þessari grein ferðaþjónustu þar sem til stóð að afnema þessa undanþágu frá 2012 – og stóð sú óvissa allt til lok árs 2025 þegar tollfrelsisákvæði var fest í sessi en þau skyldu falla undir hefðbundið virðisaukaskattsumhverfi frá og með árinu 2026. Þannig hafði 3 ára rekstraróvissa og nýr rekstrarveruleiki fyrir útgerðir sem að öllu jöfnu eru starfrækt innan alþjóðasiglingaumhverfis kostað stöðuga fækkun í komum þessara skipa. Það sem verra var er að tollfrelsið reyndist ekki nægilegt til að tryggja komurnar því án virðisaukaskattsfrelsisins sem þau höfðu áður notið er skrifræðið fyrir þessi minni skip alltof mikið og farsælla að einbeita sér að áfangastöðum innan Evrópu sem meðhöndla skipin með einum og sama hætti auk stærri markaða t.d. í Asíu.


Fjöldi hringisiglinga fækkar úr 57 árið 2025 niður í 33 fyrir árið 2027, meðan samdráttur fyrir líðandi ár 2026 er óverulegur, vegna óvenjulegrar aðstæðna sökum sólmyrkva í lok sumars 2026. Þetta er algjört hrún, 42% fækkun á landsvísu, sem kemur harðast niður á minni höfnum og áfangastöðum eins og Borgarfirði Eystri, Djúpavogi, Húsavík, Patreksfirði, Siglufirði, Stykkishólmi, Djúpavík á Ströndum, Grímsey og fleiri bæjarfélögum um landið allt.

Mynd 2. – Fjöldi hringsiglinga á Íslandi



Ef við skoðum fjölda útgerða sem stunda hringsiglingar við Íslandstrendur og fjölda skipa í slíkum siglingum, sjáum við að fækkun á jafnt við um fjölda útgerða sem og fjölda einstakra skipa sbr. mynd 3.

Mynd 3. – Fjöldi útgerða og einstakra skipa í hringsiglingum um Ísland




Viðsnúningur í komum stærri skipa en stöðug fækkun í komum leiðangursskipa

Sú hefð hefur myndast að telja einstaka ferðamenn sem ferðast með skemmtiferðaskipum í Reykjavík og Hafnarfirði, vegna þess að öll skip sem sækja Ísland heim koma á einhverjum tímapunkti til höfuðborgarsvæðishafnanna tveggja. Því er réttast að skoða hlutfall í komum stærri skipa og leiðangursskipa í þessum tveimur höfnum. Eins og við sjáum á mynd 4. sem sýnir gögn fengin úr

bókunarkerfinu DOKK, þá bendir bókunarstaða næstu ára til þess að komur stærri skipa séu að taka við sér eftir lækkun innviðagjaldsins. Meðan sjá má stöðuga fækkun í komum leiðangursskipa síðan 2023 ef undanskilið er sérstaka árið 2026.

Mynd 4. – Hlutfall leiðangurskipa í skipakomum



Lausnin er varanlegur stöðugleiki ásamt VSK/Tollfrelsi hringsiglingaskipa

Sveitarfélög, hafnir og atvinnulíf um landið allt reiðir sig á komur skemmtiferðaskipa. Þar sem fjöldinn allur af einstaklingum bindur lífsviðurværi sitt á því að skipin haldi áfram að heimsækja byggðir sem oft hafa fáa aðra kosti til lífsviðurværis og atvinnuþróunar. Því er mikilvægt að ramminn taki mið af byggðarsjónarmiðum, dreifingu ferðamanna um landið allt og styrkingu mikilvægra hafnarinnviða um landið allt. Sem dæmi má nefna að skemmtiferðaskipin skiluðu um 6.9 milljörðum króna til hafna, sveitarfélaga og ríkissjóð árið 2025 að ótöldum þeim tekjum sem þau skiluðu inn í atvinnulíf hvers svæðis fyrir sig. Til samanburðar má benda á að það er ríflega þrefalt hærri upphæð en sjókvíeldisgeirinn greiðir í skatta og sértæk gjöld samkvæmt upplýsingum frá Samtökum Fyrirtækja í Sjávarútvegi frá því í vor.

Mikill árangur hefur náðst og fjölmörg íslensk fyrirtæki hafa fundið sinn farveg í að þjónusta skemmtiferðaskipin og farþega þeirra. En til að geirinn geti dafnað til frambúðar og geirinn skilað sínu til landsins alls, þá verður að tryggja að ótult starf undanfarinna áratuga og farsæl ákvörðun Alþingis árið 2012, byggi á traustum grunni stöðugleika og aðlögunarhæfni.

Reykjavík 28. Ágúst 2026

Sigurður Jökull Ólafsson

Framkvæmdastjóri Cruise Iceland

Lög

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Við b-lið 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tollfrelsi samkvæmt þessum lið tekur til skemmtiferðaskipa, skráðra erlendis, sem eru notuð í innanlands-siglingum í allt að fjóra mánuði á hverju tólf mánaða tímabili.

2. gr.

Á eftir orðinu „tollyfirvöldum“ í 2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: í sex ár frá birt-ingardegi.

3. gr.

1. málsl. 3. mgr. 36. gr. laganna orðast svo: Tollmiðlara er heimilt að afhenda hraðsendingu til notkunar innan lands án greiðslu aðflutningsgjalda, enda láti hann tollstjóra tímanlega í té með rafrænum hætti upplýsingar um nöfn og kennitölur sendanda og innflytjanda auk upplýsinga um verðmæti, tegund og þyngd sendingar og setji tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

4. gr.

Á eftir orðinu „tollalögum“ í 3. málsl. 2. tölul. 1. mgr. 91. gr. laganna kemur: eða.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. c laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Heimilt er að flytja vörur í umflutningsgeymslu á annað geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur.
- b. 3. mgr. orðast svo:
Óheimilt er að afhenda vörur úr umflutningsgeymslu til notkunar innan lands.

6. gr.

Í stað tölunnar „30“ í 4. mgr. 114. gr. laganna kemur: 60.

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 125. gr. laganna orðast svo: Þó verða dráttarvextir einungis reiknaðir tvö ár aftur í tímann frá þeim degi sem úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er kveðinn upp.

8. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „15.000 evrum“ í 1. mgr. 162. gr. laganna kemur: 10.000 evrum.

9. gr.

Við 1. mgr. 195. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Tolleftirlitsgjald þegar óskað er viðveru tollvarðar eða þjónustu tollgæslu utan almenns opnunartíma tollskrifstofu, svo sem vegna afgreiðslu hraðsendinga og póstsendinga og til að staðfesta útflutning vöru. Gjaldið skal standa straum af launakostnaði vegna tolleftirlits.

10. gr.

A-tollur tollskrárnúmersins 8527.1303 í viðauka I við löginn verður 0%.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. október 2012.

Samþykkt á Alþingi 1. júní 2012.